




Ævintýrakort barnanna



Bakkafjörður, Langanes og Pistilfjörður

Garpakeppnin

Nú er komið að þér! Garpakeppnin er leikur sem gengur út á að safna stigum með því að gera hin ýmsu atriði, athafnir og verkefni. Þetta er leikur sem er fræðandi, gefur innsýn í náttúruna og umhverfið. Um að gera að hafa alla fjölskylduna með og hafa þetta bara létt og skemmtilegt. Þegar þú hefur náð 30 stigum eða meira þá telstu fullreyndur ævintýragarpar og getur haldið hikkaust áfram í leit að nýjum ævintýrum með reynslu í far-teskinu. Aðalatriðið er að vera tilbúin/n að fara út, hafa gaman af og ekki vera hrædd/ur við að prófa hluti. flestar þrautir fara fram úti er að klæða sig eftir veðri og aðstæðum og fara með gát að öllu. Hjú ferðapjónustuaðilum, í íþróttahúsinu og í Grillskálan-um á Þórshöfn er hægt að fá garpaviðurkenningar ef þú sýnir þeim stigatöluna þína.

Nú geta leikar hafist, gangi þér vel!

3 stig
Fara í útileiki
Finna bláklukku
Finna valhumal
Finna blóðberg
Skrifa í sandinn þekkingu skeljar
Þekkingu fugl
Þekkingu blómið með skrytna nafnið
Þekkingu fjöll á útsýnisskifunni
Syngja vísunu um spóann
Fleyta kerlingar á vatni

6 stig
Tina rust
Byggja sandkastala
Heimsækja víta
Syngja fyrir selina
Föndra úr rekavið
Skoða kirkju
Fara á safn
Þekkingu dýraskít
Veidda fisk
Skrifa flöskuskeyti

10 stig
Skrifa draugasögu um draugafoss
Sjú tófu, mink, hreindýr eða sel
Finna flöskuskeyti
Veidda marflær
Vaða berfættur í sjónum
Ganga einhverja af gönguleiðunum á kortinu



Spurningum

- Svar: Sumar kindur sem eru gamlar eða horðar fá að hafa svolitla ull aftan á sér til að halda á sér hita. Þá þurfa þær ekki að eyða orku í að láta ullina vaxa aftur. Þetta er einnig gert til að koma í veg fyrir júgurbólgu.
- Svar: Heimili refsins kallast greni og þegar veiðimenn fara upp í heiði til að veiða rebba þá kallast það að vera á grenjum.
- Svar: Sagan um ýsuna kemur úr þjóðsagnasafni Jóns Arnasonar og hljóðar svona: Einu sinni ættaði fjandinn að veiða fisk úr sjó. Þreif- aði hann þá fyrir sér og varð fyrir honum ýsa. Hann tók undir eyruganga og sér þar enn svarta bletti á ýsinni. En ýsan tók viðbragð mikið og rann úr hendi á fjanda, og er þar nú rákin svört eftir sem neglurnar runnu.
- Svar: Kristján frá Djúpælak býddi meðal annars ljóðin í Kardimommubænum og ljóðin í Dýrunum í Hálsaskógi.



Garpastig



Í garpakeppninni fæst stig fyrir að finna og þekkingu gæsaskít.



Í garpakeppninni fæst stig fyrir að finna og þekkingu kindaskít.



Þetta blóm ber skritið nafn, í garpakeppninni eru 3 stig fyrir að finna nafnið á því og finna blómið sjáft.



Þessi flugvél frá bandaríska hernum hrapaði árið 1069 við Sauðanes- flugvöll og er flakið orðið ansi gamalt og lítið núna. Ef þú gengur að Grenjanesvíta færðu stig í garpakeppninni og getur séð flakið í leiðinni.

GISTIHEIMILIÐ LYNGHOLT
Langanesvegi 12, Þórshöfn.
www.lyngholt.is / lyngholt@lyngholt.is

Gistirými fyrir 25 manns í tveimur húsum, sjónvarp og þröblaut net á öllum herbergjum. Handklæði innifalin. Góð eldhúsaðstaða og setustofa. Við erum líka á facebook og booking.com þar sem hægt er að bóka gistingu á netinu.

s: 897 5064

Góð þjónusta um land allt

BÍLALEIGA AKÚREYRAR
Háland

Europcar

Pínar þarfi - okkar þjónusta.
Bílaígubíllar innanlands og erlendis • Aðalnúmer 461 6000

Farm Hostel Ytra Lón
www.hostel.is/ytralón
ytralón@hostel.is
+354 846 6448

Gallerí Handverk og hönnun
BEITA
Villahús við Eyrarveg

ÞÓRSHÖFN

FRÆÐASETUR UM FORYSTUFE
OPÍÐ
Daglega 11-18
15. júní - 31. ágúst

Sýning
Kaffihús
Sölubúð

Svalbarði, 681 Þórshöfn • S: 852 8899 • forystusetur.is

GRILLSKÁLINN
Fjarðarvegi 2, Þórshöfn

Grillmatseðill
Ís í vél
Veitingar
Bílavörur

Sími: 468-1174

Ferðapjónusta bænda
Ytra-Álandi Bistilfrði
4681290 / 8631290
www.ytra-aland.is

- Persónuleg þjónusta
- Notaleg heimgisting
- Þjóðlegar veitingar
- Góð staðsetning til skoðunarferða

GRILL - PIZZA - FISKUR - STEIKUR

Baran
BAR / RESTAURANT
Eyrarvegi 3, Þórshöfn

Opið alla daga
Sími: 468 1250 / 847 4475

Dýralífið okkar



Kindur: Allir þekja nú hina íslensku sauðkind sem gengur frjás um haga og upp til fjalla með afkvæmi sín yfir sumarið, þangað til þeim er smalað saman á haust- in í réttir. Kindurnar vera á vorin og eignast vanalega 2 lömb. Árið 2012 voru tólf þúsund kindur á þessu svæði og eru margir ungrir bændur búinir að taka við síðastliðin ár, vissir þú til dæmis að í Svalbarðshreppi er yngsti meðalaldur bænda á öllu landinu? Flestir bændur rýja ullina af kindunum tvisvar á ári því hún vex svo hratt.

- En af hverju skyldu þeir hafa sumar kindurnar hálftrúar, s.s. bara með ull aftan á sér. Veistu það? Finndu svarið.**

Hestar: Líttu út um gluggann. Sérðu ekki örugglega hesta einhvers staðar á beit? Íslenski hesturinn var líka kallaður þarfasti þjónninn því hann var helsta samgöngutæki á Íslandi á undan bilnum en hann var áður líka notaður til vinnu. Hér í héraði eru um 371 hest- ur sem bæði eru notaðir til gagns og gamans, og flestir bændur nota hesta við smalanir. Spurðu mömmu eða pabba hvað bilinn ykkar er mörg hestöf – hvað skyldi það þýða?

- Refur:** Þú þarft líklega að fara upp í heiði til að sjá ref en hann forðast mennina. Rebbi er eina upprunalega landspendýrið hér á landi. Hann borðar allt og á það til að leggjast á kindur bændum til mikillar armæðu. Önnur nöfn yfir refi eru; meltrakki, tófa, skolli, lágfóta og vargur. Fuglar eru uppistaðan í fæðu meltrakkans hér á landi. Einu sinni voru þrjú refabúi í Þistilfirði en nokkur ár eru síðan þau hættu starfsemi. **Hvað kallast heimili refsins? Finndu svarið.**

Minkur: Hann er lítill, stýngur og þykir frækinn sundgarp- ur. Minkurinn borðar næstum allt nema hnetusmjör (sennilega vegna þess hann getur ekki opnað krúsina). Hafíð þið heyrð einhvern segja „hann er eins minkur í hænsnabúi“. Kannski ekki, en það þýðir að einhver sé afar slóttugur og varasamur, og þekur kannski bara allt sem honum sýnist án þess að spyrja kóng eða prest. Þegar við göngum um náttúruna okkar þá skulum við hafa það í huga að haga okkur ekki eins og minkurinn.

- Selur:** Hver man ekki eftir ævintýrinu um selinn Snorra? Afi hans ólst einmitt upp utan við Langanesstrend- ur. Ef gengið er eftir fjörum er möguleiki að sjá seli stinga höfðinu upp úr sjónum og heilsa upp á menn og gangandi, þeir eru nefnilega alveg ótrúlega forvitnir. Prófaðu að blístra eða syngja og gáðu hvort einhver kiki ekki upp úr sjónum. Kvendýrið kallast urta, karlinn brimill og ungvíðið kópur. Undir þykkri húðinni er mikið fitulag og þannig heldur selurinn á sér hita í köldum sjónum. Í garpakeppninni fæst stig ef þú syngur fyrir selina. Á kortinu eru nokkrir selir í sjónum næri þeim stöðum sem þeir koma oftaft á land.

Fuglar: Yfir sumarið færast meira líf yfir landið þegar farguglarnir koma og dvelja hjá okkur yfir sumar- mánuðina til að verpa og koma upp ungun. Meðal þeirra sem hingað koma yfir sumarið eru lóa, spói, álft, gæs og kría, ásamt fleiri fuglum. Það getur verið gagn- legt og gaman að hafa með sér fuglabók og jafnvel kiki þegar keyrt er um svæðið. Einnig er mikið af sjöfugli í björgum eins og mávur, fyl, súla og svartfugl. Talið er að u.þ.b. 75 tegundir fugla verpi hér á svæðinu að staðaldrí.

Kría: Á sumrin kemur krían og gerir sér hreiður við sjóinn. Hún er fartúg og flýgur langar leiðir á hverju ári. Ef þú sérð hana skaltu passa þig að hún stingi sér ekki ofan í höfuðið á þér því hún vill ekki hafa fólk nærri hreiðrinu sínu og ungunum. Krían verpir 1-3 eggjum og er 16 daga að unga þeim út. Þegar ungarnir eru komnir á ról og byrjaðir að kanna svæðið eiga þeir til að fara upp á veginn og setja þar með sjálfa sig í hættu. Því skiptir gríðarlega miklu máli fyrir þá sem fara á bil nálægt kriuvarpi að sýna einskæra varkæmi og keyra hægt. Ef mamma eða pabbi eru að keyra bilinn skaltu minna þau á að fara varlega.

Spói: Spóinn er með langan íþjunga gogg sem hann notar sem leitartæki við fæðuöflun. Spóinn er einkvænis- fugl og helmingur allra spóa í heiminum verpir á Íslandi. Spóar koma til Íslands í maibyrjun og eru flestir farnir í september. Spóinn er friðaður. Til er vísa um spóann og löuna. Í garpakeppninni færðu stig fyrir að syngja vísunu þrisvar í röð en hún hljóðar svona:

Sá ég spóa suður í flóa
syngur lóa út í móa,
bibibí
vorið er komið vist á ný.

Súla: Súlan er stundum kölluð drottning Atlantshafsins en hún er stærsti sjöfuglinn sem heldur sig við Ísland. Til er sérstakt orð yfir það þegar súlan steypr sér í sjóinn í leit að fæðu og kallast það súlukast. Súlan verpir í apríl og maí og aðeins einu egg. Við Stóra-Karl er nú kominn nýr og flottur útsýnispallur, en hafðu í huga að maður þarf alltaf að passa sig rosalega vel þegar farið er nærri bjarginu.

Æður: Æðarfuglar eru sjöendur. Karlfuglinn er kallaður biki, með gulleitan gogg og svartur, hvítur og ljósgreinn að lit. Kvenfuglinn heitir kolla og er með grán gogg og brúndrófnött að lit, sem gerir henni auðveldara að felast þegar hún lig- ur á eggjum. Ef þú heyrir ljúft ú-ú hljóð við hafið, þá er það sennilega blíkinn að spjalta við hina vöðlana, kollan er aðeins dimmraddaðri. Íslendingar hafa lengi nýtt sér æðardúnnin og til þess að ná í 1 kíló af dún þarf að tina úr 60-70 hreiðrum. Dúnninn er notaður í sængur og koddar. Það má þó aldrei taka dún úr hreiðri nema spyrja landeigendur leyfis.

Fiskar: Í sjónum við Ísland má finna um 340 tegundir fiska en einnig er að finna 6 tegundir fiska í ferskvatni sem eru lax, urri-ði, bleikja, hornslíli, áll og flundra.

Á bryggjunni á Þórshöfn þykir alveg kjórið að dorga (að sjálf- söðu í björgunarvesti). Þær fiskitegundir sem oftaft bita á eru þorskur, marhnútur, ufsi og ýsa. Þó veit maður aldrei hvað gæti ratað á öngulinn. Marhnúturin er ekki sérlega fríður greyð og ekki vinsæll. Margir halda að hann sé óætur en sú er ekki raunin. Hann þykir einfaldlega ekki góður matfiskur því í honum geta verið snikjudýr t.d. bandormur. Svo það er mælt með að sleppa greyru bara aftur út í sjó. Hins vegar er fínt að borða þorsk, ýsu eða ufsa.

- En veistu af hverju ýsan er með svartar rönd? finndu svarið.**

Lax: Í Þistilfirði og Bakkafirði eru margar laxveiðiðir og eru vinsælar meðal þeirra sem hafa gaman af stangveiði. Laxinn hrygnir í ám og eftir klak dveljast seiðin í 1-3 ár og halda síðan til sjávar. Eftir 1-2 ár í sjónum ganga þeir síðan aftur upp í árnar. Talið er að laxinn taki aftur upp í sína heimað með þefskyni sínu en þefskyn laxa er um þúsund sinnum næmara en þefskyn hunda.

Silungur: Silungur er algengur í ánum okkar og alveg ljúffeng- ur að borða. Silungur er samheiti yfir bleikju og urriða. Urriði finnst bæði í sjó og vatni. Gangi urriðinn til sjávar er hann kallaður sjóbirtingur. Sama gildir um bleikjuna og kallast þá sjöbleikja. Það má ekki veiða silung í ánum nema spyrja landeigendur leyfis en á bænum Felli í Bakkafirði er hægt að kaupa veiðileyfi í Krókavatið sem sést á kortinu. Einnig er hægt að kaupa veiðileyfi á Ytra-Lóni á Langanesi.



Jurtir, blóm og nytjaplöntur

Finna má ýmsar jurtir sem hægt er að nýta sér til gagns. Mælt er með því að taka með sér bók um flóru Íslands og fletta upp myndum af þeim blómum sem verða á vegi manns. Einnig er hægt að taka mynd eða teikna mynd af blóminu og leita síðan að því síðar á netinu eða í bók. Sumar jurtir sem vaxa villtar hér á landi eru nýttar til átu og eða til að ráða bát á ýmsum kvíllum. Hundasúra, vallhumal og blóðberg eru dæmi um jurtir sem má fá finna nánst um allt land.

Vallhumall: Vallhumall er með hvítum blómum sem sitja efst á grænum stönglinum og vex á landræna svæðinu norðaustan til á landinu, en annars staðar einkum í byggð. Achillea millefolium er vallhumall á latínu og er jurtin kennd við stríðshetjuna Achilles, úr Trójustríðinu víðfræga. Sagan segir að hann hafi notað jurtina til að stöðva blæðingar hjá særðum hermönnum sínum. Einnig má nota vallhumal til að draga úr meltingartruflunum, flensu, kvefi og hita, og í dag er algengt að nota hann í græðandi smyrsl. Hann blómstrar í júní og fram í júlí og mælt er með því að tina jurtina þegar hún er í fullum blóma.

Blóðberg: Íslenskt blóðberg hefur öldum saman verið not- að bæði til heilsubótar og sem krydd. Hægt er að gera te með blóðbergi sem er sagt vera gott við flensu, kvefi og ýmsum meltingarsjúkdómum. Blóðberg minnir á kryddið tíman og þykir því kjórið á lamba- og fuglakjöt. Blóðberg má tina um allt land og finnst helst í þurrum jarðvegi s.s. sandi og mólendi.

Bláklukkka: Við erum svo heppin að hafa bláklukkuna á okkar svæði en það lítið fallegt fjölublútt blóm sem er algengt á austurlandi en sjaldgæft annarstaðar. Bláklukkka er meðal- há og blómstrar fjólubláum klukkum í júlí-ágúst. Blómin eru oftaft eitt til tvö á stöngli en stundum fleiri. Í garpakeppninni er stig fyrir að finna og þekja bláklukku.

Gönguleiðir


Inn á kortið eru merktar fimm gönguleiðir: um Rauðanesið, upp í Frakkagil, að Grenjanesvita, leiðin á milli Skála og Hrollaugstaða, og leiðin að Steintúni í Bakkafirði.

Rauðanesið er einstök náttúruperla sem er að finna 30 km vestan við Þórshöfn. Þar liggur stíkuð hringlaga gönguleið sem er u.þ.b. 7 km í heildina. Fuglalíf þar er mikið og fjöl- skruðugt. Lundabyggð er að finna á stapa nokkrum út við nesid í björgunum og við fjöruna má einnig sjá fyl, svartbak og æðarfugl. Útsýnið er stórköstlegt og sést vel inn til heiða og eins út á Þórshöfn á góðvísrisdegi. Mælt er með því að fólk hafi með sér vatn í gönguna þar sem ekkert drykkjarvatn er að finna á nesinu og að sjálf söguð að fylgja mertri gönguleið og ekki fara of nálægt brúnni.

Frakkagil og Þjófaklettar í Þistilfirði er gil sem heitir Frakka- gil og þar eru líka svokallaðir þjófaklettar. Sagan segir að þar hafi Þistlar hengt franska sjómenn sem gerðust sekir um sauðabjörnað. Smali nokkur á að hafa séð til þeirra þar sem þeir voru að smala saman kindum og ættuðu að taka með út í bátinn sinn. Þá söfnuðu bændur saman hópi manna sem náði þjófunum og fór með þá upp í gilið þar sem þeir voru hengdir. Ekki var það fallett en stundum var þetta svona í gamla daga. Frá þjóðveginum er stutt að ganga upp í gilið en stoppað er við nálægt bænum Brekknakti og labbað upp í gilið. Þá er sjálf sögð kurteisi að spyrja landeiganda leyfis einnig er hægt að keyra gamla veginn upp Óxarfjarðarheiði og ganga þaðan.

Gönguleið að Grenjanesvita. Farið frá gamla Sauðanes- flugvellinum sem leið liggur að vitanum. Á leiðinni er flugvélar- flak sem bændinn á Sauðanesi notar sem fjárskýli en þessi flugvél hrapaði árið 1969. Vegna fuglalífsins er mælt með því að skilja blínn eftir við hliðið við flugvöllinn og passa þarf líka upp á að loka hliðinu á eftir sér.

Steintún í Bakkafirði samkvæmt gömlum heimildum er talið að þar sé álagablettur. Við björgin hröpuðu 3 menn og var það kallað feigðarblettur. Þarna er að finna 2 hóla, bóndahól og húsfreyjuhól. Þar var álitid að byggji huldulólk og þess vegna mátti ekki skerða hólinn. Steintún er í dag eyðibýli en þaðan er hægt að ganga út að vitanum á Digranesi.



Við berum virðingu fyrir náttúrunni. Við hendum ekki rusl, týnum ekki fuglæg, keyrum bara á merktum vegum og virðum merkingar landeigenda.




Finndu mig í fjöru!

Fjörur landsins bjóða nánast upp á endalaus möguleika til að skemmta sér við leik og annað. Aðalatriðið er að vera hug- myndaríkur og láta sér detta eitthvað sniðugt í hug til dæmis að fara í fótbolta, strandblök, búa til sandkastala, skrifa nafnið sitt í sandinn, skoða rekaviðinn, tina skeljar, líta eftir sel og margt fleira. Svo er aldrei að vita nema flygskuskeyti hafi einhvers staðar rekið á land eða eitthvað annað áhugavert. Eitt skemmtilegt er hægt að gera sem kallað er skrítnu nafni en það er að fleyta kerlingar, en þá tekurðu flatan þunnan stein og kastar í vatn eða sjó, og reynir að láta hann skoppa á vatninu. Við mælum með þeim fjörum sem merktar eru inn á kortið en munum að fara alltaf varlega nálægt sjónum.

Þórshafnarfjaran: Fjaran er ekki stór en fyrir aftan björgu- narsveitarhús staðarins er skemmtilegt og skjólgott svæði þar sem vatnið er grunnt og vinsælt að vaða og leika sér í sandinum.

Brekknasandur: Yndisleg fjara sem er full af náttúrulegum gersemum sem hafið hefur skolað upp á ströndina. Kjörinn staður til að taka með sér nesti og fara í lautarferð, skoða skeljar, vaða í sjónum og leika sér í sandinum. Kríunni líkar einstaklega vel á Brekknasandi og er það eitt af hennar heimilum. Það ber að virða og í því felst að ekki má hrófa við villtu dýralífi s.s. taka egg, unga eða annað sem inngrip í náttúruna. Fjaran þykir nokkuð stór og er hægt að gera sér góðan göngutúr meðfram sjónum og til baka.

Fjaran við Heiði: Fjaran fyrir neðan eyðibýlið Heiði er sand- fjara sem býður upp á ýmsa skemmtilega möguleika. Mikið er af rekavið um þessar slóðir og því tilvalið að reyna að fönðra eitthvað sniðugt úr rekaviðnum, myndaramma, bát og leyfa hugmyndafluginu að ráða! Þar er einnig nokkuð af kríu og gildir þá einnig að leyfa henni og ungunum að vera í fríð.



Nú á okkar dögum rekur í fjörunar mikið rusl úr hafinu og þess vegna biðjum við alla sem þangað koma að skilja hvergi eftir sig rusl frekar en annarstaðar. Plast og annað rusl get- ur verið hættulegt lífríki bæði á sjó og landi og haft slæmar afleiðingar. Hins vegar ber að vekja athygli á því að það gefur stig í garpakeppnini ef menn tina rusl!

Kúfskel: Er með þeim stærstu sem finnast við Ísland. Skelin er oftaft hvít á litinn undir hýðinu sem er ljósbúnt og gljáandi en dökknar með aldrinum. Oft er líka hægt að finna bleika sliku á skeljunum. Það má ýmislegt fönðra úr skelinni t.d. er Krumma okkar að nota þær undir sojasósuna með Sushi, svoltið skritið það!

Sandskel: Þessi skel er aðeins minni en kúfskelin, aðeins aftöng, hvít á litinn með dökkuglit hýði. Hún grefur sig í sand og leir og getur þess vegna orðið þó nokkuð dökk á litinn, en hún litast af leirnum. Hún fannst fyrst við Ísland árið 1958 í Skagafirði. Það er mikið af sandskel á Brekknasandi.

Bláskel: Einnig þekkt sem kræklingur, er eins og nafnið gefur til kynna oftaft blá á litinn, þó getur liturinn verið breytilegur allt frá fjólubláum í dökkbláan að utan og oftaft fer það eftir aldrí. Skelin er oftaft ljósblá að innan.

Marflær: Er krabbadýr sem verður um það bil hálfur til tveir cm á austurlandi og er oft að finna í fjörum. Margar tegundir nærast á marflóm t.a.m. æðarfugl. Þær liggja oftaft í felum undir þangi eða steinum í fjörunni en þegar flæðir að fara þær á sund í leit að æti. Marflær geta verið græn-, brún- eða rauðleitar. Þær eru samt ekki vinsæl dýr og ekki mælt með að taka svoleiðis með í blínn!

Þari/Þang: fjörum má einnig finna mismunandi þarategundir, bæði lífandi og annað sem hefur rekið á land. Bólupang er með loftfylltar blöðrur sem eru tvær og tvær saman og eru oftaft ofan til á þanginu en geta líka verið í þéttum röðum alveg niður eftir plöntunni. Það má þurrka það og nota í alls kyns listaverk en vissir þú að þari er oft notaður í lyf og snyrtivörur?

Rekaviður: Áður fyrr þótti rekaviður sem barst á land mikilvæg hlunnindi fyrir bændur og landeigendur, og þykir reyndar enn þó notkunin sé aðeins minni. Menn nýttu hann í allt mögulegt m.a. til að byggja húsn, báta, húsgögn og búa til girðingar. Það er talið að sá rekaviður sem berst hingað með hafstraumum komi allta leið frá Síberíu. Rekviðurin er búinn að berast hingað á langa leið og er þess vegna búinn að liggja lengi í salti. Þannig hann fær náttúrulega vörn gegn fúa og getur enst alveg ótrúlega lengi. Mismunandi tegundir berast hér að landi eins og t.d. gráselja, hvítfura og blóðeik en samkvæmt þjóðtrú má ekki ekki nota blóðeik í skipagerð því þá gæti skipið farist.

Þórshöfn:



Þorpið Þórshöfn er nefnt eftir þrumugöðinum Þór. Sagan segir að á miðju Langanesi hafi hamar hans verið settur niður og því var höfn héraðsins nefnd eftir honum. Á Þórshöfn er margt skemmtilegt hægt að gera. Innisundlaug og stór íþróttasalur eru til staðar. Skammt frá fyrir utan bæjinn er að finna lítinn foss, í Fossánni. Það er hægt að ganga upp að fossinum og busta í ánni. Síðsumars er hægt að tina ber. Lítil lækur rennur framhjá tjaldstæðinu þar sem hægt er að vaða, veiða síli, byggja stíflu eða sigla bátum. Ofan við tjaldstæðið eru fristundabændur með hesta og kindur sem setja sinn svip á svæðið. Heimsókn í fjöruna, ganga hafnargarðinn, kíkja á útsýnispallinn við Hleinartangann, og dorga á flygskúpinni er meðal þeirra hluta sem gaman er að gera.

Hleinartangi: Ef gengið er um Bakkaveg á Þórshöfn þá kemur þú að útsýnispalli á Hleinartanga, sem stundum er kallaður Svartiklettur. Þar eru stundum selir í sjónum og aldrei að vita nema þeir stingi upp hausnum ef sung

Bakkafjörður:



Á Bakkafirði er grint og snyrtilegt tjaldstæði. Leiksvæði er þar fyrir börn við funnskótann. Að ganga út í vitann á Digranesi er falleg leið. Ofan við þorpið er að finna skreið þar sem fiskur er þurrkaður. Fyrir neðan búðina er skemmtilegt fjara þar sem tilvalið er að taka með sér nesti og finna einhverjar gersemar í fjörunni.

Rétt fyrir utan þorpið á Bakkafirði er Hafnaráin og í henni er foss sem hægt er að baða sig í á góðum sumaradögum. Það verður þó alltaf að hafa einhvern fullorðinn með.

Í Bakká á Bakkafirði veiddist stærsti lax sem veiðst hefur á stöng á Íslandi. Laxinn var 43 pund og 130 cm en veiði- máðurinn, Marínó Jónsson, veiddi hann á litla bensinstöðvar- veiðistöng. Þannig að það er ýmislegt hægt þá veiðistöngin sé ekki stór.

Djúpilækur í Bakkafirði Kannast þú við Pílu Pínu? Á Langa- nesströnd í Bakkafirði er eyðibýli sem heitir Djúpilækur og þaðan var skáldið Kristján frá Djúpilæk. Minnisvarði er rétt við bæinn en þar má meðal annars finna ljóðið Strengi sem músin Píla Pína söng svo fallega í samnefndri sögu. **Kristján þyddi líka leikrit og sögur, hvaða vinsælu barnaljóð skyldi hann hafa þýtt yfir á íslensku? Finndu svarið.**

Draugafoss: Rétt við kirkjustaðinn Skeggjastaði er foss sem heitir Draugafoss en það skrítna er að það er ekki til nein draugasaga um fossinn. Í garpakeppninni fást stig fyrir að semja flotta draugasögu um fossinn.

Kirkjur

Svalbarðskirkja: Þessi fína kirkja er byggð úr timbri árið 1848 á hlöðnum steingrunni. Hún er auðþekkinganleg vegna þess að hún er kolsvört á litinn með rauðu þaki.

Sauðaneskirkja: Er líka frekar gömul en hún er byggð árið 1889. Inni í henni er rosa flott altaristofla frá 1742. Af og til eru halðnar messur í kirkjunni þó að Þórshafnarkirkja sjái nánast um allt kirkjustarf á svæðinu.

Þórshafnarkirkja: Er yngsta kirkjan á svæðinu og sú stærsta en hún rúmar um 160 manns í sæti. Hún var tekin notkun árið 1999.

Skeggjastaðakirkja: Státar af því að vera elsta kirkja á austur- landi eða yfir 160 ára var hún byggð árið 1845.

Vitar:

Hlutverk vita er þrjúþætt: þeir segja til um staðsetningu, vara við siglingahættum og vísa leið inn á hafnir og skipalægi. Áður fyrr tíðkaðið það að vitaverðir höfðu reglulegt eftirlit með virkni þeirra. Í dag eru vitar með sjálfvirkna búnað og sólin er orkugjafi vitaljóssins en á handriði efst á vitanum eru fjórir sólar speglar, sem fanga orku sólar meðan bjart er. Hér á svæðinu má finna þrjá vita, Grenjanesvita og Font sem eru á Langanesi og síðan Digranesviti sem stendur við Bakka- fjöra.

Fontur: Var fyrst byggður árið 1910 og síðan endurbýggður árin 1914 og 1950. Hann er tæpir 10 metrar á hæð (9.3 m) og hann er í 53 m ljóshæð yfir sjó og er knúinn með sólarorku.

Grenjanesviti: Er byggður á árunum 1941-1944 og er heilir 19 m á hæð og nær ljóshæð hans 25 m yfir sjó.

Digranesviti: Var byggður árið 1944-1947 og er líkt og Grenja- nesviti 19 metrar á hæð og nær ljóshæð yfir sjó 28 m.

Sauðaneshúsið: Á Sauðanesi á Langanesi er minjasýning í gamla prestsetrinu sem kallað er Sauðaneshúsið. Húsið er eitt elsta steinhúsi í Þingeyjarsýslu og var endurbætt í lok síðustu aldar.

Fræðasetur um forystufé: Á Svalbarði í Þistilfirði er verið að byggja upp Fræðasetur um forystufé enda er svæðið þekkt fyrir sauðfé og fallegt forystufé. Þar er ýmislegt fróðlegt að sjá en safnið er í gömlu samkomuhúsi sveitarinnar þar sem áður voru halðin sveitaböll.

Ísbjörninn sem steig á land í Þistilfirði í janúar 2010 er nú uppstoppaður og á heima í skólahúsnæðinu á Svalbarði. Stundum er hægt að semja við heimamenn um að fá að sjá bangsa greyid.

Jón Trausti Þegar keyrt er um Hófaskarðið á leið upp úr Þistilfirði má stoppa á útsýnisstað þar sem vel sést yfir Þistil- fjörið. Þar eru upplýsingaskilti um rithöfundinn Jón Trausta en hann var þekktur rithöfundur í byrjun síðustu aldar. Hann ólst upp á Melrakkasléttunni sem er sögusvið þekktustu bókana hans um Höllu og heiðarþýlið.



Útsýnisskífa á Gunnarsstaða: Þegar keyrt er um Þistil- fjörið er upplagt að keyra upp að útsýnisskífunni á Gunnars- staðaás en það er merkt við þjóðveginn á sama stað og bæirnir Laxárdalur og Holt. Þar má sjá allan fjallahringinn í kringum fjórðinn og í garpakeppninni fást stig fyrir að finna fjölli á skífunni og þekja þau í sjón.

Útsýnispallur við Stóra Karl: Á Skoruvíkurbjörgum á Langa- nesí er kominn nýr og flottur útsýnispallur þar sem gefst ein- stakt tækifæri til fuglaskoðunar. Það þarf þó alltaf að passa sig nálægt björgunum.

Heiðarfjall á Langanesi: Á Heiðarfjalli er sérstaklega fall- eget útsýni og í heiðskýru veðri má sjá langar leiðir til allra átta. Vegslóði er upp á fjallið en þar var Bandaríkjaher einu sinni með ratsjárstöð og má enn sjá ummerki um það.

Skálar: Áður fyrr þótti einstaklega gott að búa á Langanesi enda stutt þaðan að ná sér í fisk, síga í björgin eftir eggjum og einnig sem nóg er af rekavið. Með tímanum fluttist fleira fólk í þéttbýlið og yfirgar húsin og bújarðir sínar. Gamalt út- gerðarþorp er á austanverðu Langanesi sem heitir Skálar en það fór í eyði árið 1954. Þar var áður blómleg útgerð og stunduðu meðal annars Færeyingar, Hollendingar, Frakkar og Bretar þar fiskveiðir. Annað vélfrystihúsið sem var reist hér á landi var einmitt reist á Skálum árið 1921. En það var erfitt að landa bátunum við Skála og með tímanum eyðilagði brimið og tundurduft bryggjuna sem varð til þess að fólk yfir- gar Skála. Í dag eru öll hús hrunin, fðeinir veggir og húsgrunnar og gamla bryggjan standa sem minning um forna tíma. Á Skálum er einnig að finna gamlan kirkjugarð. Þegar komið er í Skálar má finna skilti sem lýsir hlutverki húsanna og hefur yfirlitsmynd af þorpinu eins og það leit einu sinni út. Í íþróta- miðstöðinni má kaupa bækling um Skála sem er alveg tilvalið að hafa meðferðis og lesa um söguna á meðan gengið er um eyðiborpið.

11 enskir menn: Við veginn á leiðinni í Skála er gamall tré- kross sem á stendur „Hér hvíla 11 enskir menn“. Sögum ber ekki alveg saman um hvað það þýðir en líklegt er að þar hafi verið grafnir sjómenn sem urðu skipreka við Langanes. Á nes- inu er gjá sem kölluð er Engelskugjá þar sem sjómennirnir áttu að hafa komið að landi.



<p>SAUÐANESHÚS Á LANGANESI</p> <p>Opið daglega yfir sumarið Sími: 468 1430 / 468 1220 www.saudaneshus.is 7 km frá Þórshöfn</p>	<p>Minjasýning</p>
<p>Sundlaug / Íþróttahús / Upplýsingamiðstöð Langanesvegi 18b</p>	<p>Sumaropnun: Alla virka daga kl 8:00-20:00 Laugar- og sunnudaga kl 11:00-17:00</p>
<p>Tjaldsvæðið á Bakkfirði er staðsett í Skólagötu</p>	<p>Tjaldsvæði í Langanesbyggð eru opin frá 1 júní til 15 september. Nánari upplýsingar má fá í síma 468 1220 og á tjalda.is</p>
<p>Tjaldsvæðið á Þórshöfn er staðsett í Miðholti</p>	